67. fundur verkefnahóps BsVest, fundurinn er haldinn þann 28.02.2018. kl. 11:30.
Fundurinn er haldin á Hólmavík, Cafe Riis.
Mættir voru: Margrét Geirsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, María Játvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir og Sif Huld Albertsdóttir framkvæmdastjóri BsVest og formaður verkefnahóps, hún ritaði einnig fundargerð.
Andrea K Jónsdóttir formaður stjórnar BsVest sat fundin undir lið 3 og 4

Dagskrá:

1. Fundargerð 66. fundar verkefnahóps.
   Lögð fram til kynningar, áður samþykkt í tölvupósti þann 2. febrúar sl.

2. Fundargerð stjórnarfundar 7. febrúar sl.
   Fundargerð stjórnar fá 7. febrúar lögð fram til kynningar.

   Andrea stjórnarformaður BsVest kemur til fundar kl 11:50 undir lið 3 og 4.

3. Skipulagsbreytingar innan skrifstofu BsVest

   Tekin upp umræðan frá síðasta fundi verkefnahóps. Andrea formaður stjórnar fer yfir ákvörðun stjórnar frá 7. febrúar sl.. Aðalsteinn framkvæmdastjóri hefur látið af störfum og er honum veittar þakkir fyrir störf sín innan málaflokksins frá upphafi yfirfærslu málefnum fatlaðs fólks yfir til sveitarfélagana, verkefnastjóri mun taka við stöðu framkvæmdastjóra í 100% starfi og taka við daglegum rekstri og einnig sinna þeim verkefnum sem verkefnastjóri hefur sinnt áður.

   Framkvæmdastjóri leggur til að skipulag fram á vorið til að byrja breytingar innan skrifstofu BsVest. Mynduðust umræður um skipulagið.

   Félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar bókar að hún leggi til vikulegra funda með framkvæmdastjóra á sínu svæði til að byrja með.

   Verkefnahópur samþykkir skipulagið fram á vor með athugasemd Margrétar inn í. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð til sveitarfélagana hvenær von sé á framkvæmdastjóra til sveitarfélagana.

4. Erindisbréf Verkefnastjóra endurskoðun
   Framkvæmdastjóri leggur fram erindisbréf sem unnið var árið 2011, verkefnahópur rýnir erindisbréfið og gerir tillögur til stjórnar BsVest.

   Andrea yfirgefur fundinn 14:43

5. Erindisbréf Verkefnahóps, endurskoðun
   Framkvæmdastjóri leggur frem erindisbréf sem unnið var árið 2011.
   Verkefnahópur rýnir erindisbréfið og gerir tillögur til stjórnar BsVest.

6. Erindi frá velferðarsviði Ísafjarðarbæjar, trúnaðarmál

Verkefnastjóri hefur kynnt verkefnahóp, hverjum og einum í gegnum síma ástæðu þessa erindis og telst það samþykkt, en umræða á grundvelli verkefnahóps.

7. Erindi frá Velferðarsviði Ísafjarðarbæjar, Orlof
   Tekið upp frá fyrri fundi verkefnahóps, leiðrétting á orlofi í frekari liðveislu. Framkvæmdastjóra falið að fá upplýsingar frá Ísafjarðarbæ um kostnaðaraukningu vegna leiðréttingu á orlofi fyrir árið 2017. Einnig er Ísafjarðarbæ falið að ganga frá og leiðrétta orlof þannig að þetta gerist ekki aftur.

8. Önnur mál
   a. Aðgerðir og fjármagn til framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks árið 2018.
      Verkefnahópur ræðir um upplýsingasíðu fyrir fatlaða og aðstandendur þeirra. Framkvæmdastjóra falið að skoða nánar hvað hægt væri að gera í framkvæmdaráætlun fyrir árið 2018 og koma með tillögur fyrir fund sem ákveðin var mánudaginn 12. mars kl 08:30 í síma.

   b. Fundadagskrá fyrir árið
      i. 22 mars , símafundur.
      ii. 26 apríl, símafundur
      iii. 24 maí, snertifundur Súðavík
      iv. 28 júní, símafundur
      v. 16 ágúst, símafundur
      vi. 20 september, snertifundur Tálknafirði
      vii. 25 október, símafundur
      viii. 22 nóvember, snertifundur, fjárhagsáætlun. Ísafirði
      ix. 20 desember, símafundur

      Dagskráin er sett fram með fyrirvara um að verkefnahópur sé búin að samræma dagskrá síns félagþjónustusvæðis, ef breytinga er þörf á dagskrá mun verkefnahópur taka það fyrir á næsta fundi.

   c. Þjónandi leiðsögn.
      Framkvæmdastjóri BsVest kynnti kynningu á þjónandi leiðsögn sem hann sat í gegnum skype, á vegum Samband íslenskra sveitarfélaga.

   d. Fjárhagsáætlunarvinna
      Verkefnahópur leggur til að vinna um fjárhagsáætlun sé unnin mun betur í samstarfi við Framkvæmdastjóra BsVest og sem hópur og einnig að stjórn komi að vinnu við fjárhagsáætlun.

   e. Verkefnahópur leggur til meiri vinnu með stjórn, stjórn komi meira að málum verkefnahóps og haldi sameiginlega vinnudaga BsVest.

Fundi slitið 16.00

Sif Huld Albertsdóttir
Framkvæmdastjóri
BsVest